

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 79/2005

frá 10. júní 2005

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2005 frá 11. mars 2005 ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ⁽²⁾.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB frá 21. apríl 2004 um takmörkun á losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna í tiltekinni málhingu og lakki og efnun til lakkviðgerða á ökutækjum og um breytingu á tilskipun 1999/13/EB ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 8. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/63/EB) í XVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„9. **32004 L 0042:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB frá 21. apríl 2004 um takmörkun á losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna í tiltekinni málhingu og lakki og efnun til lakkviðgerða á ökutækjum og um breytingu á tilskipun 1999/13/EB (Stjtið. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 87).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Á eftir orðunum „öðlast gildi“ í 4. mgr. 3. gr. bætist við orðin „, og að því er Ísland varðar í 36 mánuði eftir seinni tímamörkin, sem mælt er fyrir um í II. viðauka, til þess að unnt sé að afsetja birgðir á Íslandi“.

2. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 21ab (tilskipun ráðsins 1999/13/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 30 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 87.

- **32004 L 0042:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB frá 21. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 87).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2004/42/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. júní 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.